



Fundargerð

Staður og tími: Zoom, 1. nóvember 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Halldór Jóhannsson (HJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA).

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson (BÞB) framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Keppnisráð í torfæru

Keppnisráðið virðist ekki vera starfandi; ekki hefur verið tilkynnt um skipan formanns og engar upplýsingar berast um að haldnir séu fundir.

Ákveðið að boða keppnisráðið og formenn viðkomandi félaga til fundar og ræða stöðuna.

2. Fundir í tengslum við Motorsport Games

HKS lagði fram skýrslu sína um fundi sem haldnir voru í tengslum við Motorsport Games í Frakklandi fyrir skemmstu. Þar kom m.a. fram að markmið FIA er að stækka leikana mikið á komandi árum, verulega aukin áhersla er á umhverfismál tengd akstursípróttum og hugmyndir eru uppi um breytt fyrirkomulag svæðaskiptingar innan FIA.

3. Ársþing FIA

Boðað hefur verið til Ársþings (Motorsport Council) FIA á Ítalíu í byrjun desember n.k.

Ákveðið að HKS fari á þingið fyrir hönd sambandsins.

4. Afleysing fyrir framkvæmdastjóra

BÞB verður í þriggja vikna fríi í nóvember. Spurning er hvort sinna þurfi sérstakri afleysingu fyrir hann á því tímabili.

Ákveðið að HKS svari þeim erindum sem berast á tímabilinu.

5. Formannafundur

Fundurinn hefur verið boðaður með dagskrá samkvæmt lögum og skýrslur hafa borist frá flestum keppnisráðum.

Farið var yfir framlagningu mála og verkaskiptingu stjórnarmanna á fundinum.

6. Lokahóf

Þátttaka er í samræmi við væntingar eða um 140 manns. Undirbúningur hefur gengið vel og er á lokastigi, s.s. varðandi myndbönd, tónlist og önnur atriði.

HKS lagði til að þeim sem tilnefndir voru af aðildarfélögum sem sjálfboðaliðar ársins væru afhent gjafabréf til viðurkenningar. Tillagan var samþykkt.

7. Önnur mál

Enginn önnur mál.



Fundi slitið kl. 19.27

Næsti fundur stjórnar 15. nóvember 2022 kl. 18.00